

Styrkir til nýsköpunar í jarðvarmanýtingu

Úthlutun í mars 2026



Styrkir til nýsköpunar í jarðvarmanýtingu

Mars 2026

Útgefandi: Loftslags- og orkusjóður

Útgáfunúmer: UOS-2026:08

Umsýsla sjóðsins er í höndum **Umhverfis- og orkustofnunar**

Suðurlandsbraut 24 Rangárvellir 2

108 Reykjavík 603 Akureyri

Sími 569 6000

www.orkusjodur.is

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
1 Um styrki til nýsköpunar í jarðvarmanýtingu	4
2 Mat og forgangsröðun verkefna	4
2.1 Styrkhæfi og áherslur	4
2.2 Mat umsókna	5
3 Upplýsingar um umsóknir.....	5
4 Úthlutun styrkja.....	7

1 Um styrki til nýsköpunar í jarðvarmanýtingu

Í lok árs 2025 auglýsti Loftslags- og orkusjóður 600 m.kr. í styrki til nýsköpunar í jarðvarmanýtingu. Auglýst var eftir umsóknum í nóvember og umsóknarfrestur var til 20. desember 2025. Markmið styrkjanna er að viðhalda og styrkja enn frekar samkeppnishæfni Íslands á sviði jarðhitanýtingar og ýta undir nýsköpun og tækniþróun á þessu sviði. Um veitingu styrkja fer samkvæmt reglugerð [nr. 1566/2024](#) um Loftslags- og orkusjóð.

Styrkupp hæð fyrir hvert verkefni getur numið allt að þriðjung af heildarkostnaði, gegn mótframlagi umsækjanda. Umsækjendur skulu leggja fram mótframlag sem nemur að minnsta kosti tveimur þriðju hluta kostnaðar.

Eftirfarandi gögn áttu að fylgja umsókn:

1. Upplýsingar um umsækjanda eða umsækjendur, þátttakendur og samstarfsaðila.
2. Nafn, kennitala, netfang og símanúmer tengiliðar við sjóðinn.
3. Lýsing á verkefninu og því hvernig það samræmist markmiðum og áherslum Loftslags- og orkusjóðs.
4. Lýsing á þekkingu á jarðhita viðkomandi svæðis, með tilvísun í fyrri rannsóknir eftir því sem við á.
5. Tíma- og verkáætlun.
6. Sundurliðuð fjárhagsáætlun verkefnis og upplýsingar um fjármögnun.
7. Lýsing á hagkvæmni verkefnis, að teknu tilliti til síðari áfanga.

2 Mat og forgangsöröðun verkefna

2.1 Styrkhæfi og áherslur

Styrkir eru veittir til orkufyrirtækja og annarra fyrirtækja sem nýta jarðvarmaauðlindina. Áhersla var fyrst og fremst lögð á að styrkja verkefni sem falla undir eftirfarandi áherslur:

A. Ný tækni til raforkuframleiðslu úr jarðvarma

Verkefni á sviði djúpborunar, endurbætt jarðhitakerfi (e. *Enhanced Geothermal Systems*), raforkuframleiðslu úr lágvarma, nýrrar bortækni og fleira.

B. Fjölnýting jarðhita

Verkefni sem auka verðmætasköpun með beinni eða óbeinni fjölnýtingu jarðhita, til dæmis með nýjum framleiðsluferlum eða notkunarformum, sérstaklega þar sem loftslagsáhrif eru jákvæð og verkefni hafa ekki áður notið stuðnings úr öðrum opinberum sjóðum.

C. Nýting jarðhita til húshitunar

Nýjar aðferðir við nýtingu jarðhita, meðal annars með varmadælum, aukinni nýtni eða hagkvæmni, og uppbyggingu sem dregur úr rafhitunarkostnaði og styður við fjölgun notenda. Almennar boranir eða hefðbundin uppbygging dreifikerfa teljast ekki styrkhæfar.

Við mat á umsóknum var meðal annars horft til þjóðhagslegrar hagkvæmni, byggðasjónarmiða og áhrifa á nærsvæði, auk gæða gagna og undirbúnings.

2.2 Mat umsókna

Við mat umsókna var litið til þess hversu vel verkefni féllu að áherslum auglýsingar auk þess sem styrkhæfi var metið út frá 7. gr. og 10. gr. reglugerðar nr. 1566/2024 um Loftslags- og orkusjóð. Verkefni sem ekki samræmdust að fullu þeim áhersluflokkum sem skilgreindir eru í auglýsingu hlutu ekki styrk.

Einnig var horft til kostnaðaráætlana og áætlaðs ávinnings verkefna. Umsóknir voru fyrst og fremst metnar út frá því hversu líkleg verkefnin teljast vera til að bæta tækni við jarðhitanytingu, hvort heldur sem er með þekktum búnaði til innleiðingar hér á landi eða þróun nýrra aðferða og prófun tækjabúnaðar sem eru leiðandi á heimsvísu. Nýsköpunarverkefni eru almennt ekki borin saman út frá föstum mælikvörðum (svo sem spöruðum olíulítrum, bættri nýtni o.s.frv.) en í stöku tilvikum mátti áætla slíkan sparnað og nota í matsferlinu við forgangsöröðun.


Þá töldust nokkur verkefni ekki til nýjunga og önnur voru ekki metin nægilega mikilvæg eða þóttu of dýr miðað við áætlaðan árangur.

3 Upplýsingar um umsóknir

Alls bárust 23 umsóknir frá 17 lögaðilum. Sótt var um samtals 1.309 m.kr. og er áætluð heildarfjárfesting vegna þessara verkefna 3.994 m.kr. Ein umsókn barst fyrir kaupum á rafbíl og var hún ekki tekin til efnislegrar meðferðar af fagraði. Aðrar umsóknir má gróflega flokka á eftirfarandi hátt (sumar umsóknir féllu undir fleiri en einn áhersluflokk):

Tafla 1 Flokkun umsókna eftir tegund.

Verkefni	Fjöldi umsókna
Ný tækni til raforkuframleiðslu úr jarðvarma	10
Fjölnýting jarðvarma	11
Nýting jarðhita til húshitunar	5



Mynd 1 Skipting umsókna eftir áhersluflokkum.

4 Úthlutun styrkja

Alls hljóta 11 verkefni styrk fyrir samtals 600 m.kr. og nemur áætlaður heildarkostnaður vegna þeirra 2.558 m.kr. Flest þeirra verkefna sem hljóta styrk snúa að bættri tækni til djúpborunar og nýtingu jarðvarma við hærra hitastig en venja er. Ísland er leiðandi á þessu sviði og getur haldið forskoti sínu á næstu árum ef vel tekst til. Einnig eru styrkt verkefni sem falla undir þróun á tækni til viðhalds á hefðbundnum búnaði, smáskjálftarannsóknir, bættu nýtingu varma og nýtingu varmadæla við jarðhitakerfi. Yfirlit yfir styrkþega, heiti verkefna og styrkuppþæðir má sjá í töflunni að neðan.

Tafla 2 Styrkþegar í áttaksverkefninu Styrkir til nýsköpunar í jarðvarmanýtingu.

Umsækjandi		Heiti verkefnis	Úthlutun (kr.)
1	Álvit ehf.	Háhitu og tæringarþolið húðunarefni fyrir jarðhitaborholur og búnað	6.666.667
2	Gerosion ehf.	Varnarfóðring fyrir háhitu jarðhitaborholur og djúpborunarholur	14.902.500
3	Gerosion ehf.	Efnisrannsóknir jarðhitaborholufóðringa í tærandi jarðhitaumhverfi	3.333.333
4	Krafla Magma Testbed (KMT)	High-temperature cement materials enabling Super-Hot geothermal wells	14.985.000
5	ON Power	Innviðir fyrir rannsóknir og nýsköpun til fjölnýtingar jarðhitavökva	25.000.000
6	ON Power	Fjölnýting jarðhita og tækifæri til verðmætasköpunar úr jarðhitavökva	7.300.000
7	Orka náttúrunnar ohf.	Bætt nýtni varmaskipta	6.000.000
8	Orkubú Vestfjarða	Jarðhitanyting á Ísafirði	160.617.000
9	Orkubú Vestfjarða	Jarðhitaleit á Gálmaströnd	24.000.000
10	Orkuveita Reykjavíkur	Djúpborun á Nesjavöllum: IDDP-3	309.695.500
11	Suðurdalur ehf.	Skjálfandi - Kortlagning grunnlægra gufupúða með jarðskjálftamælingum	27.500.000
SAMTALS			600.000.000